



# Sumarbústaðartrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. GH50

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessi nr. GH50.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

#### A. Almennir skilmálar

1. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
2. Brot á varúðarreglum
3. Greiðsla iðgjalds
4. Endurgreiðsla iðgjalds
5. Eigendaskipti

#### B. Innbú

6. Vátryggðir hagsmunir
7. Vátryggður og meðvátryggðir
8. Vátryggingin gildir
9. Bótasvið
10. Samsömun
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Eigin áhætta
13. Undirtrygging
14. Ákvörðun bóta
15. Tvítrygging
16. Fyrning

#### C. Húseigendatrygging (valkvætt)

17. Vátryggðir hagsmunir
18. Vátryggður og meðvátryggðir
19. Bótasvið
20. Samsömun
21. Vátryggingarfjárhæð
22. Eigin áhætta
23. Undirtrygging
24. Ákvörðun bóta
25. Tvítrygging
26. Fyrning

#### D. Ábyrgðartrygging húseiganda (innifalin ef húseigendatrygging er valin)

27. Vátryggður
28. Ábyrgðartími
29. Bótasvið
30. Varúðarreglur
31. Vátryggingarfjárhæð
32. Eigin áhætta
33. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
34. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
35. Staða tjónþola við tjón
36. Meðferð bótakrafna
37. Fyrning

#### A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B, C og D kafla skilmála þessara.

#### 1. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 1.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 1.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 1.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða Kjarnaúrgangsefnis.

#### 2. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 3. Greiðsla iðgjalds

- 3.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 3.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 4. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða vátryggingarfjárhæð innbús að fullu vegna bótaskylds tjóns.



## 5. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum vátryggða sumarbústað fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

## B. Innbú

## 6. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til:

- 6.1 Innbús í sumarbústað sem er í eigu vátryggðu.  
Með innbúi er átt við:
  - 6.1.1 Almenn innbú og persónulega muni sem fylgja að staðaldri sumarbústöðum.
  - 6.1.2 Sérgreint innbú, þ.e. peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast með allt að 1% af vátryggingarfjárhæð innbúsins hver liður, enda séu þessir munir í sumarbústað vátryggingartaka þegar vátryggingar-atburður verður.
- 6.2 Verkfæra, varahluta og áhalda, er vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, sem bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir í sumarbústað vátryggingartaka þegar vátryggingar-atburður verður.

## 7. Vátryggður og meðvátryggðir

- 7.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 7.2 Meðvátryggðir eru fjölskylda vátryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað.

## 8. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir í þeim sumarbústað sem tiltekinn er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 9. Bótasvið

### 9.1 Eldsvoði, elding og sprenging

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 9.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

- 9.1.2 Eldingar.

- 9.1.3 Sprengingar.

*Vátryggingin bætir ekki:*

- 9.1.4 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.

Varúðarregla:

- 9.1.5 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

## 9.2 Sótfall

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 9.2.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

*Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:*

- 9.2.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

## 9.3 Slökkvi- og björgunaraðgerðir

*Vátryggingin bætir:*

- 9.3.1 Tjón og kostnað vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar.

- 9.3.2 Kostnað vegna nauðsynlegs flutnings á innbúi í sambandi við bótaskyld tjón.

- 9.3.3 Muni sem glatast við ofangreindar aðgerðir.

## 9.4 Vatn, gufa og olía

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 9.4.1 Vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarbústaðarins og á upptök innan veggja hans.

- 9.4.2 Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum.

- 9.4.3 Leka frá frystikistum og kælliskápum.

- 9.4.4 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

*Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:*

- 9.4.5 Utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.



9.4.6 Vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

Varúðarreglur:

9.4.7 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti, til að fyrirbyggja frostskemdir.

9.4.8 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

## 9.5 Þjófnaður

*Vátryggingin bætir tjón vegna:*

9.5.1 Þjófnaðar úr sumarhúsi.

Varúðarreglur:

9.5.2 Læsa skal sumarhúsi og loka öllum gluggum.

## 9.6 Rán

Vátryggingin bætir tjón af völdum ráns, þegar hinir vátryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## 9.7 Skemmdarverk

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

9.7.1 Skemmdarverka sem unnin eru af ásetningi.

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum skemmdarverka:

9.7.2 Vátryggðs sjálfs.

9.7.3 Maka vátryggðs.

9.7.4 Einstaklings sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi.

9.7.5 Á munum sem voru utan dyra annars staðar en við sumarhús vátryggðs um stundarsakir.

## 9.8 Brot eða hrun

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

9.8.1 Brots eða hruns á innbúi í sumarhúsi vátryggðs vegna tilfallandi bilana.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

9.8.2 Á verkfærum, gleraugum og úrum eða öðrum persónulegum lausafjármunum sem verða vegna brots eða hruns.

9.8.3 Af völdum vökva sem hellist niður við brot eða hrun.

9.8.4 Vegna brots eða hruns af manna völdum.

Varúðarregla:

9.8.5 Vátryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir samkvæmt notkunarleiðbeiningum.

## 9.9 Skyndilegur snjóbungur

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

9.9.1 Skyndilegs snjóbunga sem sligað hefur þak eða vegg sumarmússins.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

9.9.2 Sem rekja má til byggingargalla.

## 9.10 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs, þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingar- atburðurinn átti sér stað.

## 9.11 Loftför

Vátryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

## 10. Samsömun

10.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

10.2 Þegar sumarbústaður er leigður út gegn gjaldi getur félagið borið fyrir sig háttsemi leigutaka og þeirra sem eru í sumabústaðnum á hans vegum.

## 11 Vátryggingarfjárhæð

11.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

11.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.



11.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluserðs.

## 12. Eigin áhætta

12.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

12.2 Þegar tilgreindar eru í % hámarksbætur af vátryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

12.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluserðs.

## 13. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti vátryggðra muna meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 14. Ákvörðun bóta

14.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

14.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

14.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt grein 14.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

14.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.

14.5 Þrátt fyrir gr. 14.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærrí en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærrí en 70%, sjá þó afskriftir vegna tölvu og fylgihluta hennar.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskr. á ári
Fatnaður	1 ár	20%
Hljómflutningstæki	2 ár	10%

Stafrænar myndavélar	1 ár	20%
DVD og heimabíó	1 ár	20%
Sjónvörp og myndb.tæki	2 ár	10%
Tölvur og fylgihlutir	1 ár	20%
Útvörp	2 ár	10%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	10%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	10%

Tölvur og fylgihlutir þeirra afskrifast um 10% á sex mánaða fresti, fyrst þegar þau eru sex mánaða gömul. Afskriftir geta þó aldrei orðið meiri en 80 %.

14.6 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefina hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.

14.7 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

14.8 Minjagildi bætist ekki.

14.9 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingar-atburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

## 15. Tvítrygging

15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

15.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 16. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## C. Húseigendatrygging

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 17. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til sumarbústaðar þess sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endur-nýjunarkvittun og venjulegra fylgihluta hans, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamæti samkvæmt matsreglum Fasteignaskrár Íslands.



## 18. Vátryggður og meðvátryggðir

- 18.1 Eigandi sumarbústaðar er vátryggður.
- 18.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í sumarbústaðnum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

## 19. Bótasvið

### 19.1 Vatn, gufa og olía

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 19.1.1 Vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarbústaðarins og á upptök innan veggja hans. Vátryggingin greiðir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að sumarbústaðurinn sé í sama og eigi verra ástandi en hann var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki.
- 19.1.2 Vatns úr leiðslum í sameign eða sameiginlegum leiðslum húseignar, í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs í húseigninni.
- 19.1.3 Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.
- 19.1.4 Vatns sem lekur óvænt og skyndilega frá frysti-kistum og kælikápum.
- 19.1.5.1 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

- 19.1.6 Vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 19.1.7 Vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 19.1.8 Á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálf rörin eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

Varúðarreglur:

- 19.1.9 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti, til að fyrirbyggja frostskemdir.

- 19.1.10 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

### 19.2 Frostsprungur

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

Frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi sumarbústaðarins og tjónið sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.

### 19.3 Innbrot eða innbrotstilraun

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 19.3.1 Innbrots eða innbrotstilraunar.
- Varúðarregla:
- 19.3.2 Vátryggður skal sjá til þess að sumarbústaðurinn sé alltaf læstur og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur.

### 19.4 Gler

*Vátryggingin bætir:*

- 9.4.1 Tjón á gleri og af völdum brots á gleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreipt eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað.

*Vátryggingin bætir ekki:*

- 9.4.2 Tjón vegna byggingarframkvæmda eða viðgerða utanhúss á því húsi sem hið vátryggða gler er í, nema um sé að ræða venjulegt viðhald svo sem málun.
- 9.4.3 Tjón vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á glerinu, ramma þess eða umhverfi.
- 9.4.4 Tjón sem verður á gleri þegar það rispast eða úr því flísast.
- 9.4.5 Tjón á gleri í heimilistækjum.
- 9.4.6 Tjón á gleri í skjólveggjum, girðingum eða gleri sem ekki er fast við vátryggða húseign.
- 9.4.7 Aukið verðgildi glers þegar þurft hefur að blýbræða eða blýleggja það í samsetningu eða á annan sambærilegan hátt. Í þessum tilvikum er glerið bætt eins og um venjulegt slétt gler væri að ræða.

### 19.5 Brot

Vátryggingin bætir tjón af völdum brots, þegar innréttingar, loftklæðningar eða aðrir



hlutar sumarbústaðarins falla og brotna vegna tilfallandi bilunar.

## 19.6 Sótfall

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 19.6.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

- 19.6.2 Vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

## 19.7 Skyndilegur snjóþungi

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 19.7.1 Skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignarinnar.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

- 19.7.2 Sem rekja má til byggingargalla.

## 19.8 Óveður

*Vátryggingin bætir tjón af völdum:*

- 19.8.1 Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta sumarbústaðarins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

- 19.8.2 Á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri.

## 19.9 Loftför

Vátryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

## 20. Samsömun

- 20.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

- 20.2 Þegar sumarbústaður er leigður út gegn gjaldi getur félagið borið fyrir sig háttsemi leigutaka og þeirra sem eru í sumabústaðnum á hans vegum.

## 21. Vátryggingarfjárhæð

- 21.1 Vátryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat sumarbústaðarins og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 21.2 Vátryggingarfjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

## 22. Eigin áhætta

- 22.1 Í hverju tjóni á sumarbústað ber vátryggður í eigin áhættu þá fjárhæð sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 22.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

## 23. Undirtrygging

- 23.1 Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu og Fasteignaskrá Íslands um viðbyggingu, endur-bætur eða aðra verðaukningu húss, er orðið hefur eftir að það var síðast metið til brunabóta.

- 23.2 Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 24. Ákvörðun bóta

- 24.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðyrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.

- 24.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við skemmdir vegna tjóns þannig að ástand sumarbústaðarins verði svipað og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

- 24.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef einstakur hlutur sem vátryggður er skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

- 24.4 Skemmist sumarbústaðinn það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins getur félagið greitt bætur í peningum sem nema andvirði brunabótamats að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í sumarbústaðnum.



24.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingar- atburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

## 25. Tvítrygging

25.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

25.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 25.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 26. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## D. Ábyrgðartrygging húseiganda

Innifalin ef húseigendatrygging er valin

### Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaða-bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögmeðum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

## 27. Vátryggður

Eigandi sumarbústaðarins er vátryggður.

## 28. Ábyrgðartími

28.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.

28.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

28.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á vátrygging-artímabilinu.

## 29. Bótasvið

*Vátryggingin bætir:*

29.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem eiganda sumarbústaðar sem tilgreindur er í vátryggingarskítreini eða endurnýjunarkvittun vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

*Vátryggingin bætir ekki:*

29.2 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.

29.3 Tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum.

29.4 Tjón sem verður vegna atvinnu vátryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra.

29.5 Tjón á munum sem vátryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.

29.6 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

29.7 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.

29.8 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.



29.9 Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.

29.10 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

### 30. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

### 31. Vátryggingarfjárhæð

31.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingar-fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.

31.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiddast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

31.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

### 32. Eigin áhætta

32.1 Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

32.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

32.3 Eigin áhætta breytist miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

### 33. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

### 34. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

34.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

34.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem

skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

34.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

34.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.

34.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingar-atburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

### 35. Staða tjónþola við tjón

35.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

35.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.

35.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

35.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 36. Meðferð bótakrafna

36.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

36.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.



**37. Fyrning**

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 13. júlí 2009.